

NEFND	Mannvirkjanefnd KSÍ
DAGSETNING	17. maí 2018 kl. 12.00
NÚMER FUNDAR	2
STAÐSETNING	Klúbburinn
FUNDARMENN	Ingi Sigurðsson, Magnús Gylfason, Jón Runólfsson, Kristján Ásgeirsson og Jóhann G. Kristinsson. Fjarverandi: Margrét Leifsdóttir, Bjarni Þór Hannesson og Þorbergur Karlsson Einnig sátu fundinn:
RITARI	Jóhann G. Kristinsson

DAGSKRÁ	
1.	Ingi fór yfir siðareglur sambandsins.
2.	Ingi fór yfir erindi frá FH, KR og Einherja. Allir sammála um að leggja til við stjórn KSÍ að skoða það jákvætt að Einherji fái hærri upphæð úr Mannvirkjasjóðnum en úthlutað var í vor svo fremi að eitthvað annað verði ekki greitt út og / eða fyrirséð að verði ekki greitt út úr sjóðnum á þessu ári.
3.	Rætt um endurskoðun á reglum Mannvirkjasjóðs KSÍ og allir sammála um að JK sendi nefndarmönnum óskir um þeirra tillögum að breytingum sem svo Ingi og Magnús noti til lagfæringar á reglugerðinni.
4.	Rætt um breytingu á Ólafsvíkuvelli þar sem unnið er að nýjum gervigrasvelli. Samþykkt að veita Ólafsvíkuvelli afslátt af vallarstærðinni 120 x 80 metrar (Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga, grein 11.1) en 4 metrar af gervigrasi eða sambærilegu út fyrir leikflöt skal alltaf standa. Einnig er gefið leyfi til að hafa varamannaskýli í 4 metra fjarlægð frá leikflöt í stað 5 (Grein 10.1) eins og reglugerð segir til um.
5.	Rætt um vallaraðstæður á grasvöllum sem leikið hefur verið á það sem af er tímabilinu og allir ósáttir við þær aðstæður sem voru á Víkingsvelli í síðustu umferð og að ekkert sé til í reglugerðum sem stoppi að leikið sé við slíkar aðstæður.
6.	Nefndarmenn sammála um að nefna Bjarna Hannesson sem fulltrúa sinn varðandi ráðgjöf um grasmál á nýjum Laugardalsvelli. Annað ekki rætt og fundi slitið 13.36

UMRÆÐUEFNI, AÐGERÐIR OG ÁKVARÐANIR	Ábyrgur	Lokadags
1.		
2.		
3.		
4.		
5.		
6.		

DAGSETNING NÆSTA FUNDAR

